

Fundargerð

160. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 5. maí 2009 kl. 16:30 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi Flugfjarskipta ehf..
2. Erindi frá Sveitarstjóra Húnaþings vestra.
3. Skipulagsmál breyting á aðalskipulagi-Miðfjarðarvegur.
4. Erindi Vilhjálms Péturssonar.
5. Reiðleið yfir Ytri-Hvammsá

Afgreiðslur:

1. Anna Kr. Hjartardóttir kt.150964-5989 sækir um fyrir hönd Flugfjarskipta ehf. kt. 610504-3020, byggingarleyfi fyrir sendastöð á lóð lnr.217-995 í landi Bessastaða, Húnaþingi vestra, skv. m.f. teikningum nr. 20.010,20.011 og 20.012 dags. 01.04.2009 frá Funkis Arkitektum. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

2. Erindi frá Sveitarstjóra.

2a. Á fundi byggðaráðs Húnaþings vestra þann 6.apríl sl. var samþykkt að vísa bréfi Benedikts Ragnarssonar f.h. Barkastaðarskógar ehf. til ráðsins þar sem óskað er umsagnar um stofnun lögbýlis á lnr. 218210 sem er nýbýli úr jörðinni Barkarstaðaseli lnr. 144061 (en ekki 155061 eins og fram kemur í bréfi Benedikts). Með tillit til skipulags- og umhverfissjónarmiða gerir ráðið ekki athugasemdir við stofnun lögbýlisins.

2b. Á fundi byggðaráðs Húnaþings vestra þann 4. maí sl. var samþykkt að vísa erindi Hannesar Ársælssonar og Helenu Halldórsdóttur til ráðsins. Forstöðumaður tæknideildar gerði grein fyrir lóðarmörkum og lagði fram tillögu að nýjum lóðarblöðum fyrir Grundartún 12 og 14. Það er skoðun ráðsins að tæknilega sé fært að verða við beiðninni og vísar ákvörðun til Sveitarstjórnar.

3. Tekin fyrir tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 Miðfjarðarvegur. Tillagan er gerð af Yngva Þór Loftssyni Landslagsarkitekt dags. 06.10.2008 og fjallar um tilfærslu á legu Miðfjarðarvegur að Staðarbakka og tengingu við Hringveg. Ráðið leggur til að tillagan verði kynnt og auglýst.

4. Vilhjálmur Pétursson Stóru-Borg Syðri. Sækir um byggingarleyfi fyrir gróðurhúsi á jörðinni Stóru-Borg Syðri samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. 003 dags. mars 2009 frá Ólöfu Kristjánsdóttur kt. 180180-4519 verkfræðingi. Einnig sækir Vilhjálmur um stöðuleyfi í túni fyrir tvo 20 feta gáma Erindinu frestað og óskað eftir fullnægjandi gögnum svo sem skráningartöflu og landnúmer lóðar vegna gróðurhúss og gerð verði nákvæm grein fyrir staðsetningu gáma.

5. Reiðleið yfir Ytri-Hvammsá. Forstöðumaður tæknideildar óskar eftir framkvæmdaleyfi samkvæmt teikningum nr. HVG051 og HVG052 dags. 20.04.2009 frá Ráðbarði sf. fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir að reiðleið yfir Ytri-Hvammsá á Laufásvegi og tengingu við hestaþröttasvæði. Teikningarnar eru í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir Kirkjuhvamm-Útivistarsvæði. Ráðið samþykkir erindið.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including "H.S.", "E.H.S.", and "O.O.P.".

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 19:10.
Guðmundur St. Sigurðsson(sign.),
Örn Óli Andrússon(sign.),
Halldór Sigfússon(sign.),
Erla Björg Kristinsdóttir(sign)
Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar(sign.),
Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign)

Guðmundur St. Sigurðsson
Benjamín Kristinsson
Erla B. Kristinsdóttir
Örn Óli Andrússon
Halldór Sigfússon
Ólafur H. Stefánsson